

# Ert þú örugglega þú?

SFF

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association



Skilríki sem gefin eru út af opinberum aðilum eru: **Vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini.**

*Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að debet- og kreditkort eru ekki löggilt skilríki!*

# Ert þú örugglega þú?

SFF

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association



## Mikilvægt að vita ef þú ætlar að opna nýjan reikning eða taka lán!

Á fjármálafyrirtækjum hvílir samkvæmt lögum skylda til þess að aðstoða stjórnvöld við að uppræta peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálafyrirtækjum er skylt að afla upplýsinga um viðskiptavinina sína, ganga úr skugga um að þær upplýsingar séu réttar og halda þeim til haga.

Á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, hafa Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) gefið út sameiginlegar verklagsreglur fyrir aðildarfélög sín.

Hér er leitast við að svara helstu spurningum þínum um auðkenningu viðskiptamanna samkvæmt starfsreglum fjármálafyrirtækja.

### Hvaða upplýsingar þarf ég að veita?

Við upphaf viðvarandi samningssambands við fjármálafyrirtæki þurfa eftirfarandi upplýsingar að vera til reiðu:

*Fullt nafn þitt*

*Fæðingardagur þinn*

*Heimilisfang þitt og eftir atvikum dvalarstaður*

*Kennitala þín*

### Hvaða skilríkjum þarf ég að framvísa?

Til þess að hægt sé að staðfesta að þessar upplýsingar séu réttar er þér skylt að framvísa skilríkjum gefnum út af opinberum aðilum,

***vegabréfi,***

***ökuskírteini eða***

***nafnskírteini.***

### Duga ekki kredit- og debetkort með mynd af mér?

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að **debet- og kreditkort** eru ekki löggilt skilríki.

### Þarf að svara fleiri spurningum við stofnun viðskipta?

Fjármálafyrirtækjum ber samkvæmt lögum að spyrja tilvonandi viðskiptavini um:

- 1. Hvort fyrirhuguð viðskipti fari fram fyrir hönd annars en þín?*
- 2. Hver sé tilgangur viðskiptanna og um hvað þau snúist?*
- 3. Hver sé uppruni þeirra fjármuna sem um ræðir í fyrirhuguðum viðskiptum?*

### Gildir hið sama um fyrirtæki og einstaklinga?

Lögaðilar, fyrirtæki og félagasamtök, þurfa einnig að framvísa öðrum gögnum,

*s.s. vottorði úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá, upplýsingum um raunverulega eigendur staðfestum upplýsingum um stjórnarmenn félagsins, upplýsingum um starfsemi lögaðilans, og fleiru.*

### Hvaða afleiðingar hefur það ef ég veiti ekki umbeðnar upplýsingar eða þær reynast rangar?

Fjármálafyrirtækið mun ekki geta átt í viðskiptum við þig.

### Skylda að þekkja viðskiptavini!

Stjórnvöld hafa sett ströng lög gegn því alþjóðlega vandamáli sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögin gera skylt að framvísa skilríkjum gefnum út af opinberum aðilum þegar stofnað er til nýrra viðskipta.

Með því að hafa ávallt viðurkennd skilríki handbær getur þú staðfest hvenær sem þörf er á að það sért örugglega þú sem átt viðskiptin við fjármálafyrirtækið.

***Það er von SFF að viðskiptavinir taki vel breyttum verklagsreglum fjármálafyrirtækja!***



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association